

Það ber því að staðfesta undirrjettardóminn að aðalefni hans, og tellst yfirdómurinn einnig á málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu, Bjarni Siggeirsson, Lars Imsland, Jón Runólfsson og Gunnlaugur Jónsson eiga að vera sýknir fyrir kærnum og kröfum áfrýjandans, Olafs Pjeturssonar. Málskostnaður falli niður.

Nr. 21/1895:

Egill Gunnlaugsson
 gegn
 Erlendi Guðmundssyni.

Dómur:

Með gestarjettardómi Reykjavíkur 5. apríl þ. á. var áfrýjandinn Egill Gunnlaugsson í Arabæ í Reykjavík dæmdur til að greiða hinum stefnda, Erlendi bónda Guðmundssyni 40 kr. sem eptirstöðvar af borgun fyrir dvöl sonar Egils hjá stefnda veturinn 1892—93, er hann var við nám í Mýrarhúsabarnaskóla, svo og til að greiða stefnda í málskostnað 6 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. maí þ. á., og fengið gjafsókn og leyfi til að leggja fram ný skjöl og vitni, og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómurinn verði felldur úr gildi og hann

sýknaður af kærurum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflytningu til hins skipaða málaflutningsmanns hans. Hins vegar hefur stefndi krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirrjetti að skaðlausu eða eptir rjettarins mati, og *til vara*, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer 40 kr. eða 20—30 kr. fyrir fæði og þjónustu og að auk þess hæfilegt tillit verði tekið til fata þeirra, er hann hafi lagt syni áfrýjanda, og að áfrýjandi verði þá dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Fyrir gestarjettinum mætti áfrýjandinn alls eigi, og færði því eigi nje ljet færa þar neina vörn fyrir sig, og dæmdi því undirdómarinn málið samkvæmt n. l. 1. — 4. — 32. og tilskipun 15. ágúst 1832, 8. gr. eptir skýrslu stefnda einni um málavöxtu, og tók til greina kröfu hans um fyrnefndar meðgjafareptirstöðvar, og þessa niðurstöðu undirdómarans verður yfirdómurinn að álíta rjetta, eins og málið lá fyrir undirdóminum, sjerstaklega þar sem álíta verður, að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt til gestarjettarins. Þar sem nú eigi er heimild til, gegn mótmælum stefnda, að taka til álíta í yfirdóminum varnarástæður og neitanir málsatriða af hendi áfrýjanda, er eigi komu fram í undirdómi, án sjerstaks leyfis, en slíkt leyfi getur eigi talizt leyfi það, er áfrýjandi hefur fengið

til að leggja fram ný vitni og sönnunarskjöl, verður því ekkert tillit tekið til þess, er áfrýjandi hefur fram fært í málinu fyrir yfirdóminum, og ber þess vegna samkvæmt því sem áður hefur verið sagt um dóm undirdómarans að staðfesta gestarjettardóminn að því aðalefni málsins snertir. Að því málskostnað snertir á gestarjettardómurinn að vera óraskaður, og ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn vottast, að málflytningurinn hefur verið lögmætur, en hinum skipaða málflytningumanni áfrýjanda verða eigi eptir úrslitum málsins greidd nein málflytningslaun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Egill Gunnlaugsson, greiði stefnda, Erlendi Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birting hans að viðlagðri aðför að lögum.